



Stjórnarfundur 6 fimmtudaginn 19. febrúar 2015 kl. 16.30 á skrifstofu BLÍ.

Mætt; Jason Ívarsson, Stefán Jóhannesson, Hreggviður Norðdahl, Dagbjört Víglundsdóttir í síma, Árni Jón Eggertsson.

Afboð og mættu ekki: Kristján Geir Guðmundsson og Brynja María Ólafsdóttir.

Dagskrá

- Bikarkeppni BLÍ
- "Árs- og uppskeruhátíð BLÍ"
- Rafræn leikskýrsla
- Reglugerð Öldungamóts BLÍ
- BLÍ TV
- Smáþjóðaleikar 2015
- Önnur mál

Fundargerð

Bikarkeppni BLÍ

- Undirbúningur gengur ágætlega. Blakdeild Fylkis verður með veitingasöluna og notast verður við midi.is líkt og undanfarin ár. Miðaverð verður það sama og árið í fyrra, 2000 kr. fyrir dagspassa og 3000 kr. fyrir helgarpassa.
- Sjónvarpið verður með útsendingu en BLÍ þarf að vera með lýsanda á sínum snærum, þ.e. er sem tekur sérfræðinginn. Sævar finnur aðila í leikina sem og undanúrslitaleikina á www.sporttv.is
- Áframhaldandi undirbúningsvinna fyrir bikarkeppnina verður fram að úrslitahelginni.

Formaður BLÍ gerði það að tillögu sinni að taka næst fyrir dagskrárliðinn BLÍ TV þar sem á fundinn kom Viðar Garðarsson og skýrði fyrir stjórnarmönnum frá.

BLÍ TV

- BLÍ myndi gerast samstarfsaðili Sporttv.is og fá þá eftirfarandi þjónustu. Grunnsamningur yrði verðmerktur á bilinu 300-800 þúsund á ári.
 - Úrslitþjónustu
 - Viðburðadagatal sem virkar hvetjandi á fólk til að sækja viðburðina
 - Dagskrárgerð í umfjöllunarformi, greinar og fleira til. Um er að ræða þætti, mánaðarlega, vikulega hálfsmánaðarlega.
 - Félögin myndu fá sérverð í útsendingar frá leikjum í deildakeppninni
- Við bætist streymi
- Beinar útsendingar
- Dagskrárgerð
- Fundarmenn voru mjög áhugasamir um BLÍ TV og var þetta rætt á jákvæðum nótum. Hlutum velt upp varðandi kostnaðinn og jafnvel um meira sjónvarpsefni erlendis frá.
- Stjórnin var á því að skoða þetta nánar og óska eftir frekari upplýsingum um málið.

"Árs- og uppskeruhátíð BLÍ"

- ✓ Niðurstaða skoðunarkönnunar var afgerandi um að það ætti að halda árshátíð og verðlaunaafhendingu. Þó var ákveðið á fundinum að fresta hátíðarhöldum fram á haust og halda veglegan blaðamannafund þar sem verðlauna skuli lið ársins o.s.frv.
- ✓ Rætt var um að verðlauna félag vegna umgjarðar á leikjum yfir veturinn en því frestað nú og koma því inn í reglugerð fyrir næsta þing.

Rafræn leikskýrsla

- ✓ Rætt um að taka upp rafræna leikskýrslu. Eftir fund með félögnum í fyrra var ákveðið að fresta upptöku rafrænnar leikskýrslu.
- ✓ Þetta mun þýða kostnað á félögin, allt að 100 þúsund krónum ofan á þátttökugjöld. Þetta er Leyfisgjald sem gildir í 1 ár.
- ✓ Stjórn BLÍ samþykkti að taka upp rafræna leikskýrslu og leita tilboða frá DataProject strax fyrir næsta keppnistímabil.

Reglugerð Öldungamóts BLÍ

- ✓ Lögð fyrir tillaga frá nefndinni sem skipuð var í júní 2014
- ✓ Rætt um og ákveðið að samþykkja þær breytingar sem gerðar voru í nefndinni. Reglugerðin send út til Öldungamóts BLÍ 2015 til að vinna eftir.

Smáþjóðaleikarnir 2015

- ✓ Sævar fór yfir gang mála hjá framkvæmdanefndinni. Heiðbjört Gylfadóttir er greinastjóri í strandblaki og Grétar Eggertsson greinastjóri í blaki.
- ✓ Samskipti við ÍSÍ ganga vel og hefur það komið fram að BLÍ eigi ekki að verða fyrir neinum kostnaði vegna framkvæmdar leikanna.

Önnur mál

- ✓ KA bréf. Farið yfir bréfið og ekki hægt að líta á það sem kæru. Bréfinu vísað til dómaranefndar BLÍ
- ✓ Arion Banki: Undirritaðir voru bankapappírar sem heimila gjaldkera að skoða bankareikninga BLÍ.
- ✓ Fyrirspurn frá Öldungi 2015 um 40. Öldungamótið. BLÍ verður ekki með neitt sérstakt á dagskrá vegna afmælis Öldungamótsins.
- ✓ Íþróttaping ÍSÍ verður haldið að Gullhömrum í Grafarholti 17. og 18. apríl. BLÍ á 3 fulltrúa og fer formaður í það verk að skipa aðila á þingið.
- ✓ Frá Ísafirði barst fyrirspurn um aðstoð við þjálfun. Falast er eftir hjálp við greiðslu fyrir þjálfara vestur í æfingahelgi. Þar sem um útbreiðslumál er að ræða var ákveðið að verða við beiðni Ísfirðinga um 60.000 kr.
- ✓ Landsliðsmál:
 - Þjálfarar búnir að velja hópa. U19 liðið og kvk liðið til Ítalíu í æfinga og keppnisferð. Stór ferð og frábært tækifæri fyrir okkar lið að sjá starfið hjá ítölum. Daniele sér um skipulagninguna þarna úti sem verður til fyrirmyndar trúlega.
 - Ekkert í hendi með karlaliðið en verið er að tala við landslið Sviss um að koma í heimsókn til Íslands.
 - Verið að undirbúa Afrekshóp fyrir stúlkur fæddar 2000-2001. Þetta er verkefni sem Daniele hefur verið að koma á koppinn en hann kom hingað í byrjun febrúar til að skoða landslagið í Neskaupstað og á Akureyri.
 - Daniele vill svo koma aftur og ræsa verkefnið almennilega í kringum bikarúrslitin í mars. Hugmyndin með verkefninu að það verði æfingar 1x í viku allan veturinn á hverju svæði fyrir sig. Svo á vorin og haustin koma hóparnir saman og æfa undir hans leiðsögn.
- ✓ Tæknifundur NEVZA. Fundargerð vegna fundarins er á leiðinni til stjórnar.
- ✓ Fundur með menntamálaráðherra. Sævar sótti góðan fund ásamt öllum sérsamböndum þar sem farið var yfir mörg mál er snúa að íþróttalífi og ríkinu, þ.á.m. aðstöðumál.
- ✓ Strandblaknefnd er tekin til starfa. Í henni starfar Rögnvaldur Johansen formaður með tvo aðra nefndarmenn.

Fleira var ekki rætt á fundinum

Fundi slitið kl. 18:30

Sævar Már Guðmundsson ritaði fundargerð